

**Ed.**

**166. Frumvarp**

til laga um friðun Þingvalla.

Flutningsmenn: Jónas Jónsson og Guðm. Guðfinnsson.

1. gr.

Árið 1930 skulu Þingvellir verða friðlýstur helgistaður Íslendinga.

Friðlýsta svæðið nær frá Almannagjá að Hrafnagjá og frá Þingvallavatni að Meyjarsæti.

2. gr.

Fram að 1930 ræður þriggja manna nefnd yfir hinu friðlýsta svæði fyrir hönd landsstjórnarinnar. Í nefnd þessari eiga sæti þjóðmenjavörður, sagnfræðingur sá, er ritar sögu Alþingis, og forseti Búnaðarsfjelags Íslands. Nefndarmenn skulu starfa kauplaust.

3. gr.

Nefnd þessi kallast Þingvallanefnd. Verkefni hennar er að undirbúa friðun Þingvalla fyrir þúsund ára hátíð Alþingis. Nefndin hefir landsdrottins vald yfir öllum þjóðeignum í Þingvallasveit. Ekki má reisa nein ný hús eða mannvirki á þessum jörðum fram að 1930, nema með leyfi nefndarinnar og byggingarfræðings landsins.

4. gr.

Þingvallanefndin selur aðgang að hinu friðlýsta svæði, 1 kr. fyrir hvern fullorðinn mann hinn fyrsta dag, og minna fyrir lengri dvöl, eftir því sem reglugerð mælir fyrir. Öllum aðgangseyri og öðrum tekjum, er fást af hinu friðlýsta svæði, skal verja til að girða Þingvallahraun, til skóggræðslu þar og til að koma völlum aftur í sitt forna horf.

5. gr.

Þingvallanefndin ræður umsjónarmann, er dvelur á Þingvöllum meðan auð er jörð hvert ár. Umsjónarmaðurinn hefir umsjón með hinu friðlýsta svæði fyrir hönd nefndarinnar og á ábyrgð hennar. Hann skal hafa leyfi til, eftir því sem reglugerð ákveður nánar, að neita aðgöngu að Þingvöllum mönnum, sem eru ólvaðir eða með ruddalega framkomu í þinghelginni.

6. gr.

Þingvallanefndin semur reglugerð, er stjórnin samþykkir, bygða á lögum þessum, þar sem nánar er ákveðið um verndun Þingvalla.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.

Greinargerð.

Það mun vera almennur þjóðarvilji að friða Þingvöll sem helgistað þjóðarinnar. Nú nálgast sá tími, þegar haldið verður þúsund ára afmæli Alþingis. Væri þá hin mesta hneisa fyrir íslensku þjóðina, ef helgistaðurinn væri í megnustu vanhirðingu og niðurlægingu. Frumvarp þetta gerir kleift að

undirbúa fulla friðun Þingvalla 1930, án þess að baka landssjóði nokkur veruleg útgjöld, heldur láta Þingvallagesti borga aðgöngugjald næstu ár, sem varið verði til umbóta á Þingvöllum.

Þeir þrjú menn, sem gert er ráð fyrir að sæti eigi i nefndinni, eru sjálfkjörnir fulltrúar. Einn vegna fornleifarannsóknanna, annar vegna hiuna sögulegu minninga, hinn þriðji vegna skógræktar þeirrar, sem verður að framkvæma á friðlýsta svæðinu.